



Akureyrarbær

Skýrsla um aukna
frístundastarfsemi fyrir
börn í viðkvæmri stöðu,
sumarið 2020 vegna
COVID-19 frá
Akureyrarbæ

STYRKIR FRÁ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA COVID – 19

Félagsmálaráðuneytið auglýsti styrki sem sveitarfélög gátu sótt í fyrir hópa sem höfðu fengið skerta þjónustu þá mánuði sem covid – 19 setti svip sinn á lífið í landinu og voru í viðkvæmri stöðu. Um var að ræða þrjú verkefni fyrir mismunandi hópa; fyrir fullorðið fólk, fyrir börn í viðkvæmri stöðu og fyrir fullorðið fatlað fólk. Akureyrarbær sendi inn umsóknir um öll verkefni og fékk úthlutað fjárhæð í öll verkefni.

Börn í viðkvæmri stöðu

Samkvæmt bréfi félags- og barnamálaráðherra dags. 20. maí sl. var við útdelingu fjármagns horft til fjölda barna 12 til 16 ára í sveitarfélaginu *4.108 kr. Miðað var við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Akureyrarbær fékk kr. 5.541.104 inn á reikning sveitarfélagsins. Hér verður gerð grein fyrir verkefnum sem voru framkvæmd af Akureyrarbæ:

1. *Félagsleg liðveisla fyrir fötluð börn*
2. *Vinnurós – vinnuskólahópur með sértækan stuðning*
3. *VIP ferðir – dagsferðir fyrir börn með sértækan stuðning*

FÉLAGSLEG LIÐVEISLA FYRIR FÖTLUÐ BÖRN (1)

Verkefnið átti að auka möguleika fatlaðra barna á félagslegri þátttöku í sumar. Verkefnið var útfært þannig að þau börn sem voru með liðveislu og ljóst var að myndu lítið hafa fyrir stafni í sumar fengu fleiri tímum úthlutað og þannig var hægt að virkja þau meira en annars hefði verið mögulegt. Markmiðið náðist þannig að aukið var við félagslega liðveislu hjá 10 börnum. Hægt var bæði að koma til móts við þarfir og óskir foreldra og liðþega. Einnig var bætt við auka tímum hjá nokkrum börnum til viðbótar þar sem talin var þörf á og foreldrarnir urðu mjög ánægðir og þessir tímar nýttust vel.

Þessir tímar eru sérstaklega mikilvægir þar sem Covid hefur haft sín áhrif á alla og jók sveigjanleikann í þjónustunni. Alls voru veittar 180 klst. í aukna þjónustu í sumar.

Kostnaður búsetusviðs Akureyrarbæjar var 1.000.000 kr. vegna þessa verkefnis.

VINNURÓS – VINNUSKÓLAHÓPUR MEÐ SÉRTÆKAN STUÐNING (2)

Markhópur verkefnisins var börn á aldrinum 14 – 16 ára (sem hafa nýverið lokið 8. – 10. bekk, óháð kyni) sem alls ekki vilja taka að sér verkefni vinnuskólans og kjósa vanvirkni og iðjuleysi í staðinn. Markmiðið var eins og yfirskrift verkefnisins ber með sér að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna í viðkvæmri stöðu á tímum covid 19 með því að virkja þá sem annars sætu auðum höndum heima yfir sumartímamann í verkefnum sem höfðu til þeirra og bjóða upp á verkefnaval. Einnig er markmiðið að vinna með áhugasvið hvers einstaklings og styrkja hann þar í uppbyggilegri virkni af innri hvötum.

Börnin fengu verkefni bæði innan og utandyra og gátu stýrt vinnu sinni eftir veðri. Verkefnið fólu meðal annars um að mála, laga og fegra eignir bæjarins, til að mynda málaði hópurnar gleðifánann í gilið og í tröppurnar fyrir neðan Rósenborg og *Til fyrirmyndar* vegginn við sundlaugina.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar Félag mynduðu hópinn í nánú samráði við foreldra, barnavernd og verkstjóra vinnuskólans. Í upphafi átti hópinn að vera lítill og áttu þrjú umsjónarmenn að vera með hópinn en eftir því sem leið á sumarið bættust sífellt fleiri ungmenni í hópinn og fjórði umsjónarmaðurinn bættist við. Alls voru 21 barn í hópnum í 8 - 10 bekk.

Þátttakendur				
	14 ára	15 ára	16 ára	Alls
kvk	4	4	3	11
kk	5	2	3	10
Fjöldi	9	6	6	21

Mynd 1 Þátttakendur í Vinnurósar verkefni eftir kyni og aldri

Það var mikil ánægja með hópinn sem og innan hans. Öllu jafna væri hefðbundinn vinnuskóli í boði fyrir þennan hóp eins og aðra unglunga og ef þeir leitast ekki við því að sækja hann á sumrin þá er ekki brugðist við því sérstaklega. Þátttakendur fengust til virkni í sumar einfaldlega vegna þessa verkefnis. Horft var til forvarnar- og virkniúrræðis fyrir hóp barna sem velur að sækja ekki vinnuskólann, börnunum var mætt á þeirra forsendum, þau leidd áfram af fagfólki og hvött á uppbyggilegan hátt í öruggu umhverfi.

Unnið var eftir reglum vinnuskólans og honum fylgt í tíma og launum. Umsjón var í höndum forvarna- og félagsmálaráðgjafa Félag ásamt sumarstarfsmönnum sem ráðnir voru sérstaklega, einn var ráðinn í gegnum sumarátak Akureyrarbæjar fyrir 18 – 25 ára og tveir námsmenn voru ráðnir í hlutastörf í 5 vikur í gegnum námsmannaátak VMST.

Sótt var um kr. 1.769.833 fyrir verkefninu. Kostnaður við verkefnið var kr. 3.644.610. Í umsókn var gert ráð fyrir að ráða þyrfti tvo sumarstarfsmenn 6 vikur.

Kostnaðarliðir	Kostnaður
Efniskostnaður	88.451
Fæðiskostnaður	96.388
Laun ungmenna	1.393.833
Starfsmannakostnaður	2.065.938
Samtals kr.	3.644.610

Mynd 2 Kostnaður við verkefnið Vinnurós

VIP FERÐIR – DAGSFERÐIR FYRIR BÖRN MEÐ SÉRTÆKAN STUÐNING (3)

Markhópur verkefnisins var börn á miðstigi sem þurfa á sértækum stuðningi að halda vegna heimilisaðstæðna, kvíða/þunglyndis eða mikillar einangrunar frá öðrum börnum og umhverfinu. Markhópurinn sem hér um ræðir hafði af ýmsum ástæðum ekki sömu möguleika og önnur börn til að fara í skemmtilegt frí innanlands með fjölskyldunni sl. sumar.

Markmiðið var eins og yfirskrift verkefnisins ber með sér að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna í viðkvæmri stöðu á tímum covid 19 með því að veita börnunum svipuð tækifæri og börn fá í sumarfrí með fjölskyldunni; vera frjáls, gleðjast, vera partur af hóp og finna hvaða tækifæri lífið getur boðið þeim og hvað náttúran hefur upp á að bjóða.

Verkefnið fólst í stuttum dagsferðum fyrir hópinn á tímabilinu 22. júní – 26. Júní. Ferðirnar voru farnar undir öruggri leiðsögn starfsmanna Félak. Þrír starfsmenn fóru með sjö barna hóp í fimm ferðir og var meðal annars farið í hvalaskoðun, hestaferð, Jarðböðin á Mývatni, Dimmuborgir og River Rafting í Skagafirði.

Dagur	Ferðalýsing	Lengd klst.
1	Ekið í Skagafjörð og farið í Battle of Iceland (safn með sýndarveruleika). Snætt á KK restaurant og farið á hestbak á Hellulandi. Sund á heimleið.	8 -9
2	Ekið til Húsavíkur og stoppað við Gullfiskatjörn, nestið snætt. Farið á Hvalasafnið og Sjóböðin um kl. 17. Kvöldverður á veitingastaðnum Sölku.	6
3	Ekið á Hauganes og farið í hvalaskoðun og sjóstöng kl. 10. Borðum á Baccalá bar eftir hvalaskoðun og deginum lokið í heitu pottunum og fjörunni á Hauganesi.	5 - 6
4	Ekið að Goðafossi og stoppað aðeins þar og nestið snætt. Farið í Dimmuborgir og Námaskarð. Endað í Jarðböðunum fyrir heimferð.	7 - 8
5	Ekið á Bakkaflöt í Skagafirði og farið í River rafting. Snætt á Hamborgarafabrickunni við komu til Akureyrar.	7

Mynd 3 Ferðaskipulag VIP hóps

Þátttakendur					
	14 ára	13 ára	12 ára	11 ára	Alls
kvk			2	1	3
kk	1	1	1	1	4
Fjöldi	1	1	3	2	7

Mynd 4 Þátttakendur í VIP ferðum eftir kyni og aldri

Ferðir af þessu tagi eru hrein viðbót við reglubundna þjónustu við þennan hóp barna. Hópurinn hefur hist að jafnaði einu sinni í viku og það sem hefur verið í boði hefur að jafnaði verið samvera af ýmsu tagi án teljanlegra útgjalda.

Mikil samkennd og eining fór að einkenna hópinn þegar fór að líða á vikuna og stigu mörg börnin hressilega út fyrir sinn þægindaramma. Með verkefninu var hægt að bjóða börnunum upp á afþreyingu

á Íslandi sem þeim gefst að jafnaði ekki kostur á að njóta sökum aðstæðna. Hópnum verður fylgt eftir og hann mun hittast að jafnaði einu sinni í viku yfir vetrartímann.

Samstarfsaðilar Félak voru félagsþjónustan á Akureyri og barnavernd. Samstarfsaðilarnir voru starfsfólki Félak innan handar við að finna og bjóða fleiri börnum að taka þátt og hafa samband við foreldra. Umsjón með verkefninu var í höndum tveggja sérfræðinga í félagsmálum barna hjá Félak. Þeim barst einn liðsauki, 16 ára ungmenni frá Vinnuskóla Akureyrar sem var í ráðningarsambandi í 5 vikur.

Sótt var um kr. 1.071.600 fyrir verkefninu. Kostnaður fyrir verkefnið er kr. 1.305.690. Gert var ráð fyrir launakostnaði sem væri mótframlag Akureyrarbæjar.

Kostnaðarliðir	Kostnaður
Ferðakostnaður	181.000
Afþreying	316.220
Fæðiskostnaður	109.670
Starfsmannakostnaður	640.000
Starfsmannakostnaður ungmenni	58.800
Samtals kr.	1.305.690

Mynd 5 Kostnaður við VIP verkefnið

Akureyri, október 2020

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

bryndiselfa@akureyri.is